Nd. **547. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vátrygging sjómanna frá 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. Fyrsta grein frumvarpsins orðist svo:

   Skylt er, að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er viku lengur stunda fiskiveiðar á vélabátum, eða róðrarbátum, tvírónum eða stærri.
2. Við 2. gr. Í stað: »farmaður« komi: formaður.

3. — 2. — Orðin: »og þeir eru lögskráðir« falli burt.

4. — 3. — Í stað: »10 aurum« komi: 15 aurum.

5. — 3. — Aftan við orðin: »er hann kom í skiprúm« bætist: Fimtung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

6. — 3. — Á eftir orðunum: »Gjald þetta má taka lögtaki«, komi: og bera hreppstjóra eða bæjarfógeta 4% í innheimtulaun.

7. — 3. — Í stað orðanna: »að frádregnum 4% innheimtulaunum« komi: að frádregnum 2% ómakslaunum til hans.